


Slippfélagið

GÆÐI - REYNSLA - ÞJÓNUSTA

Viðar grunnvörn

LÝSING

Viðar grunnvörn (2415) er öflug grunnviðarvörn sem inniheldur sérhannaðar olíur sem ná að smjúga langt inn í viðinn og verja hann gegn upptöku á raka. Viðar grunnvörn inniheldur einnig efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun. Eftir metnun viðarins með grunnvörninni er því komið í veg fyrir rakaupptöku viðarins og skilyrði til fúamyndunar.

NOTKUN

Viðar grunnvörn (2415) er ætluð til notkunar utanhúss til mettunar á nýjum og ómáluðum viði fyrir málun með grunnmálningu, hálfþekjandi eða þekjandi viðarvörn.



Tæknilegar upplýsingar

Litir	Litlaus
Pakkningar	1, 4, 10 og 20 lítra
Efnisnotkun	4-6 m ² /l
Eðlisþyngd	0,8 kg / l
Þurrefni	12% (rúmmál)
Þynnir	Terpentína
Áhaldahreinsir	Terpentína
Þurrktími	24 klst
Yfirmálun	Lágmark: 24 klst Hámark: Ekkert

UNDIRMÁLUN

Viðar grunnvörn (2415) er ætluð beint á ómálaðan við.

YFIRMÁLUN

Viðar grunnmálning (2420), Viðar hálfþekjandi (2425), Viðar þekjandi (2430) eða Hjörvi 15.

ÁHÖLD

Mjúkur pensill eða málningarsprauta.

VINNUTILHÖGUN

Fjarlægjið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Viðurinn skal vera hreinn, þurr og ómálaður. Berið

Viðar grunnvörn (2415) blautt í blautt og leyfið viðnum að drekka í sig grunnvörnina. Þurrkið síðan með klút eftir eina klst. Á viðarflötum sem vatn mæðir mikið á, s.s. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta viðinn sérstaklega vel með Viðari grunnvörn (2415). Málið síðan 1-2 umferðir með hentugri yfirmálningu.

ATHUGASEMDIR

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Ætíð skal mála yfir Viðar grunnvörn (2415).
- Hjörvi má ekki fara beint á Viðar grunnvörn

VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Varist snertingu við húð og augu. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.